

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 07 – 2024

*Staður:* Teams

*Tími:* þriðjudagur 19. september 2024 kl. 14:00

*Fundinn sátu:* Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Ingiberg Daði Kjartansson, , Daði Már Kristófersson, Isabel C. Barrio, Haukur Þórðarson, Þórunna Jónsdóttir og Birgir Þór Haraldsson. Theodóra Ragnarsdóttir rekstrarstjóri sat fundinn.

### **1. Færsla Sauðfjárbúsins á Hesti undir Hvanneyrarbúið ehf.**

Undanfarin ár hefur verið rætt um þann möguleika að færa sauðfjárbúið á Hesti undir Hvanneyrarbúið ehf. Búin yrðu þannig rekin undir sömu kennitölu, en þó yrði rekstri hvers bús haldið sjálfstætt í bókhaldi. Rætt var um mikilvægi þess að læra af góðri reynslu Hvanneyrarbúsins og fá reynda sauðfjábændur í stjórn og stjórnarmönnum fjölgað úr þremur í fimm. Málið var rætt og eru allir sammála um að breyta þurfi rekstri Hestbúsins, og leggja aukna áherslu á að vera í fararbroddi hvað varðar nýja tækni, afurðir og rekstrarþætti. Var tillaga rektors um að færa Hestbúið undir Hvanneyrarbúið frá næstu áramótum samþykkt samhljóða. Rektori var falið að undirbúa tilfærsluna, þar á meðal að ganga frá starfslokum starfsmanna sem sinna Hestbúinu í dag. Samhliða verða störf auglýst á vegum Hvanneyrarbúsins ehf og unnið að því að finna tvo stjórnarmenn.

RIP